HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Netarall og hafsvæðið í kringum Eyjar

Valur Bogason

Efni:

- Nokkur orð um Hafrannsóknastofnun og starfsstöðina hér í Eyjum
- Hafsvæðið í kringum Eyjar
- Sandsíli
- Netarall (SMN)

Hafrannsóknastofnunin:

Starfsstöðvar Hafrannsóknarstofnunar eru tíu talsins en þeim fjölgaði eftir sameiningu.
Fjöldi starfsmann er rétt rúmlega 190:



Þann 1. júlí 2016 sameinuðust Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun.

Starfsstöðin í Eyjum:

Hafrannsóknastofnun hefur rekið starfsstöð í Vestmannaeyjum frá árinu 1986.

Helstu verkefni sem unnið er að í dag:

- Gagnasöfnun úr lönduðum afla
- Stofnmæling með netum (SMN)
- Stofnmæling (vöktun) á marsíli við Ísland
- Fæða þorskfiska úr afla fiskiskipa
- Þáttaka í rannsókna leiðöngrum

Gengið frá síldarsýni til aldursgreiningar

Opnun í Vinnslustöðinni 1986

Hafsvæðið í kringum Eyjar:

Hvað einkennir hafsvæðið umhverfis Vestmannaeyjar?

Árni Friðriksson fiskifræðingur viðraði oft þá hugmynd að Vestmannaeyjar væru ákjósanlegur staður fyrir alþjóðlega hafrannsóknastöð.

Vegna þess að í námunda við Vestmannaeyjar væru mikilvægustu hrygningarstöðvar flestra fiskistofna, auk ýmissa annara sjávardýra.

Hrygning / nýliðun fiskistofna

Hafsvæðið í kringum Eyjar:

Rauð svæði eru hrygningarsvæði - Blá svæði eru uppeldisstöðvar - Bláar örvar sýna seiðarek - Rauðar örvar sýna göngur kynþroska fisks (aðeins sýnt hjá þorsk)







Sandsílið: *Ammodtydes marinus*

Sandsíli er ein af þeim fiskitegundum sem er mikilvæg fyrir hafsvæðið í kringum Eyjar.
Það sem einkennir lífsferil sandsíla er hversu háð þau eru ákveðinni botngerð.

Hrygning hefst í lok október / byrjun nóvember
og egg eru botnlæg.

Sandsíli:

Klak hefst í byrjun apríl og í júlí fara seiði
að taka botn





Sandsíli velja sér helst botn með miðlungs-
grófum sandi

Sandsíli: Veiðarfæri

Vegna lífsháttа sandsílisins eru notaðar nokkrar gerðir af veiðarfærum.

Notast er við troll þegar sílið er á ferðinni en plógur og botngreip þegar það er grafið í sandinn

Sandsíli: Rannsóknarsvæðin



Sandsíli: Aldur



Sandsíli: Þéttleiki



Vísitala á þéttleika sandsíla sem fjöldi á flatarmáls-einingu samkvæmt veiði í plóg.

Sandsíli: Ástand stofns

- Sandsílastofninn er í mikilli lægð sunnan- og vestanlands.
- Nýliðun hefur verið léleg í meira en áratug nema árið 2007.
- Þrátt fyrir að sum ár hafi orðið vart við talsvert af seiðum, sérstaklega vestanlands þá hafa þau ekki skilað sér árið eftir sem eins árs fiskur.

Sandsíli: Hvað veldur og áhrif

- Óljóst er hvað valdið hefur hruni stofnsins en ástæður geta verið breytingar í umhverfinu sem hafa hugsanlega áhrif á klak og lífslíkur sílanna fyrsta árið.

- Aukið afrán og samkeppni um fæðu er einn mögulegur orsakavaldur en mjög stórir árgangar ýsu voru að vaxa upp er vart verður við nýliðunarbrest hjá sandsílinu. Makríl hefur einnig fjölgað mikið við landið en hann er þekktur afræningi á síli og er í samkeppni við það um fæðu.

- Lélegt ástand sandsílastofnsins hefur haft mikil áhrif á aðrar tegundir er treysta á það sem fæðu, má þar nefna ýmsar sjófuglategundir, t.d. Lunda en varpárangur hans hefur hrunið sunnan- og vestanlands samhliða sandsílinu. Einnig hafa orðið breytingar á útbreiðslu hrefnu sem má að öllum líkindum rekja til skorts á sandsíli.

Netarall: Markmið og framkvæmd

Markmið stofnmælingar hrygningarþorsks með þorskanetum (SMN) er að safna upplýsingum um líffræði þorsks á helstu hrygningarsvæðum umhverfis Ísland. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á mismunandi svæðum. Auk þess er safnað upplýsingum um aðrar tegundir sem fást í netin og umhverfisþætti eins og t.d. botnhita, yfirborðshita, sjóndýpi og veðurlag. Verkefnið beinist fyrst og fremst að þorski, en mælingar á öðrum tegundum voru auknar árið 2002.

Farið hefur verið í SMN í 22 ár og net verið lögð á um 300 stöðvum allt í kringum landið, nema við Vestfirði og Austfirði



Netarall: Svæðaskipting við úrvinnslu



Netarall: Stofnvísitölur Þorsks



Netarall: Lengdardreifing



Netarall: Samanburður við stofnmat



Netarall: Samanburður við stofnmat



Netarall: Samanburður við stofnmat



Netarall: Ástand þorsks



Netarall: Ástand þorsks





Netarall: Ástand þorsks



Hængar



Hrygnur

Netarall: Ufsi

Netarall: Aðrar tegundir



Takk fyrir